

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps, nr. 798/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. samþykktarinnar:

a) 1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn Flóahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Þingborg, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 9.00.

b) Á eftir 1. mgr. 8. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarstjórnarfundur er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti sveitarstjórnarfulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

2. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar sveitarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 22. nóvember 2021.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafdís Gísladóttir.